

# *Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk*

*í grunnskólum Hafnarfjarðar*

*skólaárið 2012-2013*





## Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2012-2013

### Að verða betri í dag en í gær

Litla upplestrarkeppnin hefur nú verið haldin þrisvar sinnum í grunnskólum Hafnarfjarðar og á Álftanesi. Í fyrri skýrslum er getið um upphaf og hvernig þetta verkefni fór af stað og er hægt að nálgast þær skýrslur á heimasíðu Stóru upplestrarkeppninnar

<http://upplestur.hafnarfjordur.is>

Markmið þessa verkefnis er ávallt að keppa að betri árangri og bæta upplestur en keppnishugtakið felst í því að verða betri í dag en í gær en ekki að keppa við aðra en sjálfan sig.

Skilyrði til þátttöku fyrir kennara er að sækja fræðslufund að hausti og í janúar, fylgja formi á hátíðinni og skila síðan skýrslu að vori. Undirrituð vinnur úr skýrslum kennaranna og kynnir niðurstöður á fundi og er þær að finna í lok þessarar skýrslu. Þá er þess getið á viðurkenningarskjali sem nemendur fá í lokin að verkefnið sé unnið í samstarfi við Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn.

Samhljóma niðurstaða allra kennara er að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera, gefi góða raun og sé tilvalið verkefni til að auka tengsl heimila og skóla. Þá telja kennarar að mæla megi framfarir í lestri hjá nemendum í 5. bekk á síðastliðnu ári sem e.t.v. megi rekja til þessa verkefnis í 4. bekk.


Rétt er að geta þess að þetta árið fjölgaði skólum utan Hafnarfjarðar sem þátt tóku í Litlu upplestrarkeppninni og má þar nefna alla grunnskólana á Akureyri, í Mosfellsbæ, Grindavík, Vogum og Dalvík eða rúmlega tuttugu skólar. Er þessi þróun afar ánægjuleg og samkvæmt mati kennaranna er þessi árgangur þ.e. 4. bekkur heppilegur til slíks átaksverkefnis.

Hafnarfirði í maí 2013

---

Ingibjörg Einarsdóttir  
skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

# Litla upplestrarkeppnin



## Viðurkenning

---

hefur tekið þátt í  
Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk  
skólaárið 2012-2013.

**Bestu þakkir fyrir þátttökuna!**

Fyrir hönd Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

*Ingibjörg Einarsdóttir*

## Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2012-2013

### Að verða betri í dag en í gær

Til foreldra barna í 4. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði og á Álftanesi

Haustið 2010 kom fram sú hugmynd að efna til nýs átaks í upplestri og munnlegri tjáningu í tilefni af 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk. Að höfðu samráði við alla kennara í 4. bekk varð niðurstaðan sú að fara af stað með verkefni í anda Stóru upplestrarkeppninnar, með sömu markmiði að leiðarljósi en sníða verkefnið að aldri og þroska nemenda í 4. bekk. Niðurstaðan varð sú að kalla verkefnið **Litlu upplestrarkeppnina** þar sem markmiðið væri að keppa að betri árangri og bæta upplestur en í keppni fælist fleira en að keppa við aðra. Litla upplestrarkeppnin hefur nú verið í gangi tvisvar sinnum og er skemmst frá því að segja að verkefnið hefur gengið sérlega vel og er greinilegt að verkefnið er að festa sig í sessi og nú þessa dagana eru fleiri bæjarfélög að bætast í hópinn.

**Undirbúinn upplestur** þarf að vera á dagskrá flesta daga frá degi íslenskrar tungu þ. 16. nóvember, en þá fer verkefnið formlega af stað í skólunum, og fram í apríl. Allir nemendur í bekknum/árganginum eru með í verkefninu og kennarar munu leitast við að miða kennsluhætti við hæfni og þroska hvers og eins. Verkefninu lýkur síðan með upplestrarhátíð þar sem allir nemendur leggja sitt af mörkum og verður hátíðin í formi samveru með foreldrum og öðrum góðum gestum og allir nemendur fá afhent viðurkenningarskjál.

Það er mjög mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í verkefninu sem er hægt að gera með því að vera stöðugt góður og áhugasamur áheyrandi við heimalestur og ræða um áherslur og blæbrigði sem skipta máli við allan flutning.

**Markmiðið er ávallt að flytja móðurmálið sjálfum sér og öðrum til ánægju**

Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar mun hafa umsjón með verkefninu.

## Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk Skólaárið 2012-2013

Lokahátíð í apríl 2013

Uppröðun skiptir máli. Allir nemendur sitja/standa á móti gestum, raðað í fallegar raðir, fer eftir fjölda og húsnæði. Þarf að vera nokkuð gott rými svo lesarar njóti sín.

Gestir boðnir velkomnir, getur verið skólastjóri/kennari eða kynnir. Gera þarf grein fyrir Litlu upplestrarkeppninni, hvenær hún hófst í Hafnarfirði og í haust og hver markmiðin eru. Kynnir stýrir því hvernig nemendur kynna sig eða hann kynnir þá. Það þarf að vera vel æft og heyrast vel.

### Dagskrá

1. Tónlistaratriði
2. Ljóðaflutningur, *Á íslensku* eftir Þórarín Eldjárn
3. Óskabjúgað, þjóðsaga
4. Ljóðaflutningur, *Kvæðið hennar Gunnu*, óþekktur höfundur
5. E.t.v. gestalesari úr 7. bekk
6. *Dimmalimm*, ævintýri eftir Guðmund Thorsteinsson
7. Tónlistaratriði
8. Ljóðaflutningur, *Sköpunarsagan* eftir Stefán Jónsson
9. *Þegar Bakkabræður rugluðu saman fótunum*
10. *Tunglið, tunglið taktu mig*, þula eftir Theódóru Thoroddsen

Viðurkenningarskjöl afhent.

# Á ÍSLENSKU

(Þórarinn Eldjárn)

**Talkór, allir nemendur (mætti líka hugsa sér söngkór)**

Á íslensku má alltaf finna svar  
og orða stórt og smátt sem er og var  
og hún á orð sem geyma gleði og sorg  
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Ef íslensk tunga er aðeins spariflík  
að endingu hún verður fagurt lík.  
En sé hún höfð að ígangsklæðum enn  
hún áfram lifir ný og forn í senn.

Á vörum okkar verður tungan þjál  
þar vex og grær og dafnar okkar mál.  
Að gæta hennar gildir hér og nú  
það gerir enginn - nema ég og þú.



## ÓSKABJÚGAÐ

(Æskan)

(Lesarar eru alls fimm og gætu staðið hlið við hlið t.d. við púltið.  
Textinn liggur á púltinu.)

### Sögumaður 1

Fátækur bóndi og kona hans settust einu sinni að borði og höfðu eigi annað til matar en jarðepli. Konan varpaði öndinni mæðilega og mælti:

### Konan

Ó, ég vildi að við fengjum einhvern tíma eitthvað annað að borða en þessi jarðepli.

### Sögumaður 2

Í sömu andránni stökk álfur upp á borðið og sagði:

### Álfurinn

Þið skuluð fá þrjár óskir. Segið þið til, hvað þið viljið fá.

### Sögumaður 1

Konan var ekki lengi að hugsa sig um og sagði:

### Konan

Ég vildi að ég ætti mér álnarlangt bjúga til miðdegisverðar.

### Sögumaður 2

Í sama bili datt bjúgað niður á diskinn hennar. Ánægjan skein út úr konunni við þetta en maður hennar varð bálreiður og hrópaði í bræði sinni:

### Maðurinn

Alltaf eru jafnheimsk. Ekki nema það þó að óska sér bjúga þegar maður getur fengið langtum betra. Það væri mátulegt handa þér að bjúgað að tarna yrði fast við nefið á þér.

### Sögumaður 1

Þá stökk bjúgað upp á nefið á konunni. Og konan togaði í og karlinn togaði í en bjúgað sat sem fastast. Þá klóraði bóndinn sér í höfðinu og sagði með grátstafinn í kverkunum.

### **Maðurinn**

Sjáðu nú. Tvær óskirnar eru búnar. Nú er ekki nema ein eftir. Og ekki geturðu gengið með bjúgað að tarna á nefinu alla ævi þína. Nú er ekki annað ráð en óska því burtu aftur.

### **Sögumaður 2**

Bjúgað hvarf og álfurinn hvarf og hjónin settust aftur að jarðeplunum sínum og óskuðu sér nú einskis framar.



## Kvæðið hennar Gunnu

(Óþekktur höfundur)

(Vel má hugsa sér að tveir lesarar lesi hvert erindi, skipti með sér ljóðlínunum. Hér er gefið dæmi um fjóra lesara en þeir gætu verið fleiri.)

1. Ég man hvað ég kvaldi hana kisu.
2. Hún kisa mín var þó svo góð.
1. Ég stríddi henni, kleip hana og kreisti,
2. af kvölunum rak hún upp hljóð.
  
1. Og þegar hún flýtti sér frá mér
2. og fór undir borð eða stól,
1. þá reif ég í rófunu á henni
2. og reiddist og lét eins og fól.
  
1. En hvernig sem kvaldi ég kisu,
2. þá klóraði hún aldrei né beit
1. En stundum var sársauki í svipnum.
2. Það sá ég, ef á mig hún leit.
  
1. En svo var það dag einn um sumar
2. í sólskini, - veðrið var heitt, -
1. hjá kisu ég sat úti í sandi
2. og sofnaði, - ég var svo þreytt.
  
3. Mig dreymdi svo skrýtið, svo skrýtið,
4. og skýrt get ég ei fyrir þér
3. þá kvöl ég var orðin að kisu,
4. og kisa var orðin að mér.
  
3. Nú beitti hún mig öllum þeim brögðum,
4. sem beitti ég við hana fyrr.
3. Hún hlæjandi reytti af mér hárið
4. og henti mér út fyrir dyr.
  
3. Og allt, sem ég ætlaði að reyna,
4. var ónýtt og varnarlaust fál.
3. Hún barði mig, kleip mig og kreisti,
4. af kvölunum rak ég upp mjálm.

3. Svo hátt að ég vaknaði við það,
4. en var þó í draumlöndum hálf.
3. Ó, hvað ég var farsæl og fegin
4. að finna, að ég var þarna sjálf.

**(Hér mætti vel hugsa sér að taka eitt af ljóðum Kristjáns Hreinssonar sem voru í lefni Litlu upplestrarkeppninnar vorið 2012.)**

# SAGAN AF DIMMALIMM KÓNGSDÓTTUR

(Ævintýri eftir Guðmund Thorsteinsson)

(Hér er dæmi um leskafla sem gæti hentað heilum bekk. Allar skiptingar ber að líta á sem hugmynd sem hægt er að vinna út frá. Ef margir lesa þá þarf að gæta þess að ekki sé of mikil hreyfing á lesurum, allt slíkt truflar.)

## Lesari 1

Einu sinni var lítil kóngsdóttir sem hét Dimmalimm. Hún var bæði ljúf og góð og hún var líka þæg. Hún lék sér alltaf ein í garðinum hjá kóngshöllinni.

## Lesari 2

Í garðinum var lítil tjörn og á tjörninni voru fjórir svanir. Dimmalimm þótti svo vænt um þá. Þeir komu líka alltaf syndandi þegar þeir sáu hana. Hún gaf þeim líka brauð og ýmislegt annað góðgæti.

## Lesari 3

Einu sinni fékk Dimmalimm að fara út úr garðinum. Hana langaði til að sjá hvort þar væri nokkuð öðruvísi um að litast.

## Lesari 4

Jú-ú! Þar var allt öðruvísi. Næstum engin tré og engin hús, ekkert annað en grænar grundir og blá fjöll, langt-langt í burtu. Dimmalimm þótti svo fallegt þarna að hún gekk og gekk, langa-lengi.

## Lesari 5

Loks kom hún að stóru vatni. Þá varð Dimmalimm alveg hissa, því að á vatninu sá hún svan, miklu-miklu stærri og fallegri en litlu svanina í kóngsgarðinum.

## Lesari 6

Og - hugsaðu þér - svanurinn kom syndandi til hennar og hann horfði svo blítt á hana.

## Lesari 7

Dimmalimm þótti þegar í stað vænt um fallega svaninn.

## Lesari 8

Eftir þetta fór Dimmalimm á hverjum degi út að stóra vatninu. Svannurinn kom þá á land og settist hjá henni. Dimmalimm stauk svaninum en hann lagði kollinn sinn í hálsakot. Það var svo indælt.

### **Lesari 9**

En allt breytist í þessu lífi.

### **Lesari 10**

Einu sinni þegar Dimmalimm kom hoppandi þá sá hún hvergi svaninn sinn, hvergi nokkurs staðar.

### **Lesari 11**

Hún leitaði hringinn í kringum vatnið. Loksins fann hún svaninn. En svanurinn var dáinn. Dimmalimm fór að gráta og hún grét og grét.

### **Lesari 12**

Aumingja Dimmalimm. Svo fór hún heim. En á hverju kvöldi gekk hún út að vatninu og hugsaði um svaninn sem henni þótti svo vænt um.

### **Lesari 13**

En nú kemur annað til sögunnar. Dimmalimm sat einu sinni sem oftast við vatnið og var að hugsa um svaninn sinn.

### **Lesari 14**

Þá stóð allt í einu lítill kóngssonur hjá henni. Hann var ljómandi fallegur og hann hét Pétur.

### **Lesari 15**

Þú mátt ekki gráta, Dimmalimm mín, sagði hann.

### **Lesari 16**

Æ, jú, sagði Dimmalimm. Svanurinn minn er dáinn.

### **Lesari 15**

Nei, gráttu nú ekki meira, sagði kóngssonurinn. Ég skal segja þér sögu. Ég heiti Pétur, ég er kóngssonur og á heima hérna skammt frá. Einu sinni kom ljót kerling. Hún var norn. Hún lagði það á mig að ég skyldi verða að svani og aldrei leysast úr þeim álögum fyrr en ég hitti stúlku sem væri góð og þæg og sem þætti vænt um mig.

Sérðu nú Dimmalimm mín? Þú ert góða stúlkan sem leystir mig úr álögunum. Og nú skulum við gifta okkur.

### **Lesari 17**

Þá varð Dimmalimm himinlifandi. Hún kyssti kóngssoninn. Og svo giftust þau.

### **Lesari 18**

Nú eru þau kóngur og drottning í ríki sínu. Þau sitja í ljómandi fallegum stólum sem kallaðir eru háseti. Og þau eru reglulega hamingjusöm.

### **Lesari 19**

En allt er þetta því að þakka að Dimmalimm var svo góð og þæg stúlka.

### **Allir lesarar**

Engin er eins þæg og góð  
og Dimma-limma-limm,  
Og engin er eins hýr og rjóð  
og Dimma-limma-limm

# Sköpunarsaga

(Stefán Jónsson)

(Talkór með sjö lesurum)

## Lesari 1

Hún amma mín, konan hans afa  
er ekki á frásagnir spör,  
ef verð ég um eitthvað í vafa,  
hún veitir mér fullkomin svör.

## Lesarar 1,2,3,4,5,6,7 í kór,

Og enginn er til nema amma  
sem eins kann á hlutunum skil,  
hún man, sko, allt betur en mamma,  
hún man, hvernig við urðum til.

## Lesari 2

Um garð sinn var afi að ganga  
einn góðviðrisdag, er hann fann  
þar örlítinn stúlkubarns anga  
hjá engli, sem gaf honum hann.

## Talkórinn (7 lesarar)

Og afi var fljótur á fæti  
og fund sinn til ömmu hann bar,  
og þá varð nú þökkaleg kæti,  
því þetta hún mamma mín var.

## Lesari 3

Hún stækkaði og ólst upp hjá ömmu  
og afa, svo þrúð og svo hljóð.  
Og afi og amma við mömmu  
voru auðvitað dæmalaust góð.

## Talkórinn (7 lesarar)

Einn dag var hún lengi úti á labbi  
um ljómandi og sólgullinn stíg,  
þá rakst hún á pilt. Það var pabbi.  
Og pabbi minn gaf henni sig.

#### **Lesari 4**

Þau gengu þar suður að sjónum,  
þá sagði hann pabbi minn hátt:  
ég vil, að við verðum að hjónum  
í vor, ef þú getur og mátt.

#### **Talkórinn ( 7 lesarar)**

Hún svaraði: - Yndið mitt eina,  
við ættum að byggja okkur hús.  
- Það finnst mér. Það vil ég reyna,  
til þess er ég, sagði hann, fús.

#### **Lesari 5**

Um loftsalinn ljómandi bláa  
barst logandi sólgeislaflóð,  
og guð uppi á himninum háa  
hann horfði á, hve þau voru góð.

#### **Talkórinn (7 lesarar)**

Og svo meðal gjafanna góðu,  
er giftingardagurinn var  
hann laumaði lítilli skjóðu  
og lét þau svo finna hana þar.

#### **Lesari 6**

Þau opnaðu skjóðuna í skyndi,  
en skjóðan var alls ekki tóm,  
því í henni var þeirra yndi  
og einna helst svolítið blóm.

#### **Talkórinn**

Og hamingjan hámarki náði,  
en hún var mjög einkennileg,  
því að blómið var bláeygður snáði,  
sem brosti. - Og það var , sko, ég.

#### **Lesari 7**

Ég um það er alls ekki í vafa,  
að átt hefur þetta sér stað,  
því að amma mín, konan hans afa,  
er alltaf að segja mér það.



## **Talkórinn**

Ég engan svo orðvaran þekki  
sem ömmu, og þess vegna skil,  
að amma mín skrökvar því ekki,  
að ég yrði á þennan hátt til.

## **Þegar Bakkabræður rugluðu saman fótunum**

### **Kynnir eða sögumaður**

Á bæ þeim sem á Bakka hét, bjó bóndi einn fyrir löngu. Hann átti þrjá sonu, Gísla, Eirík og Helga. Voru þeir orðlagðir fyrir heimsku og heimskupör þeirra mjög í frásögur færð.

### **Lesari 1**

Þeim Bakkabræðrum hafði verið sagt að það væri ósköp hollt fyrir þá að gera sér endur og sinnum heitar fótlaugar. En af því að jafnan var þröngt um eldivið hjá þeim, tímdu þeir ekki að hita sér vatn til þess.

### **Lesari 2**

Einu sinni vildi svo vel til að þeir hittu fyrir sér laug eða hver á ferð sinni. Nú hugsuðu þeir gott til glóðarinnar að þeir skyldu fá sér heitar fótlaugar fyrir ekki neitt, tóku af sér skó og sokka og settust hver hjá öðrum í kringum hverinn og höfðu fætuna niðri í.

### **Lesari 3**

Þegar þeir fóru að gæta að þekkti enginn þeirra sína fætur frá hinna. Með þetta voru þeir lengi í stöku ráðaleysi. Þeir þorðu ekki að hreyfa sig, því að þeir vissu ekki nema þeir kynnu að taka skakkt til og taka hver annars fætur og sátu þeir svo þangað til að þar bar að ferðamann. Þeir kölluðu til hans og báðu hann í öllum bænum að þekkja í sundur á þeim fætuna.

### **Lesari 4**

Maðurinn gekk til þeirra og sló með stafnum sínum á lappirnar á þeim og kannaðist þá hver við sínar.

**(Hér mætti vel hugsa sér að taka eitt af ljóðum Kristjáns Hreinssonar sem voru í lesefni Litlu upplestrarkeppninnar vorið 2012.)**

## Tunglið, tunglið taktu mig

(Þula eftir Theodóru Thoroddssen)

(Þula gefur marga möguleika á flutningi og ekki nauðsynlegt að skipta á þann máta sem gefinn er hér en vel við hæfi að láta alla lesara flytja síðasta hlutann.)

Tunglið, tunglið taktu mig  
og berðu mig upp til skýja.  
Hugurinn ber mig hálfu leið  
í heimana nýja.  
Mun þar vera margt að sjá,  
mörgu hefirðu sagt mér frá  
þegar þú leiðst um loftin blá  
og leist til mín um rifinn skjá.

Komdu litla Lipurtá!  
langi þig að heyra  
hvað mig dreymdi, hvað ég sá  
og kannski sitthvað fleira.  
Ljáðu mér eyra.  
Litla flónið, ljáðu mér snöggvast eyra:

Þar er siglt á silfurbát  
með seglum þöndum,  
rauðagull í rá og böndum,  
rennir hann beint að ströndum,  
rennir hann beint að björtum sólarströndum.

Þar situr hún móðir mín  
í möttlinum græna,  
hún er að spinna hýjalín  
í hempu fyrir börnin sín.

Og seinna þegar sólin skín,  
sendir hún þeim gullin fín,  
mánasilfur og messuvín,  
mörgu er úr að velja.  
Hún á svo margt sem enginn kann að telja.

Þar sitja systur.  
Sá sem verður fyrstur  
að kyssa þeirra klæðafald  
og kveða um þeirra undraval,  
honum gefa þær gullinn streng  
á gígjuna sína.

Ljúktu upp Lína!  
Nú skal eg kveða ljúflingsljóð  
um lokkana þína,  
kveða og syngja ljóðin löng  
um lokkana mjúku þína.

Þar sitja bræður  
og brugga vél,  
gakkstu ekki í skóginn þegar skyggir.  
Þar situr hún María mey,  
man eg hvað hún söng:

Eg er að vinna í vorið  
vetrarkvöldin löng.  
Ef að þornar ullin vel  
og ekki gerir stórfelld él,  
sendi eg þér um sumarmálin sóley í varpa.

Fögur er hún Harpa.  
Um messur færðu fleira,  
fjólu og músareyra,  
hlíðunum gef eg grænan kjól,  
svo göngum við upp á Tindastól,  
þá næturvökul sumarsól  
„sveigir fyrir norðurpól“

en dvergar og tröll sér búa ból  
í bergsins innstu leynum  
og ljósálfar sér leika á hól  
að lýsigulli og steinum.  
Við skulum reyna að ræna frá þeim einum.  
Börnunum gef eg gnótt af óskasteinum.

**Allir**

Þá spretta laukar,  
þá gala gaukar.  
Þá syngja svanir á tjörnum,

segðu það börnum,  
segðu það góðum börnum.



Ágætu umsjónarkennarar í 4. bekkjum

Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs sumars og þakka fyrir sérlega ánægjulegt og gefandi samstarf í vetur. Nú líður að lokafundi hjá okkur um Litlu upplestrarkeppnina. Ég legg til að við höldum fundinn **fimmtudaginn 16. maí kl. 15:00 hér á Skólaskrifstofunni**. Þar munum við fara yfir starfið í vetur, hvernig þetta verkefni okkar hefur þróast og hvað við höfum lært af verkefninu og hverju það hefur skilað.

Eins og við ræddum strax í upphafi þá bað ég ykkur að skrá allt hjá ykkur í vetur, hvernig þið skipulögðuð vinnuna, hvað gekk vel og hvað þyrfti hugsanlega að skipuleggja betur. Mér þætti gott að fá þetta frá ykkur eigi síðar en **10. maí** svo ég geti unnið úr því fyrir fundinn. Gott væri að í greinargerðinni væru eftirtalin atriði:

1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.
2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.
3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?
4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?
5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?
6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?
7. Hverjir voru áheyrendur? Er hægt að læra af því?
8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?
9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?
10. Var notað púlt á lokahátíðinni?
11. Hver var kynni á lokahátíðinni?
12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?
13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum? Tímalengd á hátíðinni.
14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?
15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?
16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?



17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?
18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?
19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?
20. Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.

## Samantekt úr greinargerðum kennara sem þátt tóku í verkefninu.

### 1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.

*Foreldrar fengu sent bréf þar sem sagt var frá áttakinu og lögð áhersla á markmið Litlu upplestrarkeppninnar væri fyrst og fremst að "verða betri í lestri í dag en í gær".*

*Við gerðum mjög nákvæma áætlun fyrir hvern mánuð og sendum líka nákvæma vikuáætlun. Dagur ísl. tungu er hátíðisdagur í skólunum og börnin tóku virkan þátt og verkefnið sett af stað eins og Stóra upplestrarkeppnin.*

*Undirbúningur fór hægt af stað en jókst eftir því sem nær dró lokahátíð.*

*Við erum að vinna með vörður og vegvísa í íslensku sem byggir á hringekjuvinnu og kom það sér vel í þessu verkefni.*

*Á jólaskemmtunum voru flutt leikrit og nú kom talkórinn sér vel.*

Samverustundir á sal, nýttar mjög vel.

Lesið upp úr sögugerðarbókum og frjálslestrarbókum.

Leikskólaheimsóknir. Lesin ljóð, sögur og leikrit sem nemendur höfðu æft heima og í skólanum.

Skipulagðir hópar, litlir, stórir, allur bekkurinn með mismunandi hætti.

Jól og áramót nýtt sérstaklega og þá æfðir talkórar.

Nemendur fóru heim með þulur og ljóð og æfðu sig með boðorðin sjö til hliðsjónar.

Æfingar við púlt og þegar nær dró lokahátíð æft í hljóðnema.

Talkór með ýmsum afbrigðum, hlæjandi, hissa, reiður o.s.frv. Gott til að æfa blæbrigði.

Smátt og smátt vildu fleiri koma fram einir.

Fundinn sérstakur tími í stundaskrá til að æfa framsögnina.

Nemendur fengu textann sem lesa átti á lokahátíð með sér heim í páskaeyfið til að æfa.

Æft hvernig ganga skal að hljóðnema.

## 2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.

Sent bréfið frá Skólaskrifstofu, flestir tóku það fram.

Sett inn í vikuáætlanir og heimavinna.

Samstarf við foreldra mjög gott og þetta er mjög góður vettvangur til að auka samvinnu.

Foreldrar látnir vita tímanlega um dagsetningu hátíðarinnar svo þeir tækju daginn frá.

Heimavinna eina viku í mars var að lesa upphátt fyrir foreldra sem fengu matslista til að merkja við þegar þeir hlustuðu. Á blaðinu voru fyrirmæli um að æfa sig fyrst og lesa svo fyrir foreldra. Þetta þurfti að gera a.m.k þrisvar í viku. Það var gaman að sjá mat foreldra.

Heimaverkefni aðra hverja viku, foreldrar kvittuðu þegar barnið hafði flutt ljóð, texta eða þulu a.m.k. þrisvar.

Þegar leið á verkefnið fengu foreldrar meiri upplýsingar og við hvöttum þá til að hlusta á barnið lesa upphátt.

Alltaf sendur póstur um það sem æfa átti heima.

Sérstakur kynningarbæklingur sendur heim þegar nær dró lokahátíð.

## 3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?

Það kom inn sem eðlilegur hluti af áframhaldandi framsagnarkennslu.

Það skapaði meiri fjölbreytni og meiri æfingu.

Nemendur lásu oft og meira heima.

Fjölbreyttara lestrarefni.

Fjölbreyttari lestrarkennsluaðferðir notaðar.

Studdi vel við fjölbreytni í lestrarefni, sérstaklega ljóðakennslu. Árlegt framsagnarpróf var samtvinnað við upplestrarkeppnina og tókst mjög vel.

Oftar lesið upphátt, lásu líka oft og hvert fyrir annað, hópverkefni og kynningar.

Þetta var mikill styrkur fyrir allan hópinn, góð æfing í upplestri og að koma fram fyrir framan aðra.

Við erum með hefðbundnar hljóðlestrarstundir nokkrum sinnum í viku og þessi vinna kemur ofan á sem er mjög jákvæð viðbót og upplifun nemenda af lestri af þessu tagi er mjög jákvæð.

Þurftum engu að breyta, svipað og lestrarkennslan er hjá okkur.

Hvetjandi og skemmtilegt og foreldrar sérstaklega ánægðir .

Jókst áhugi á að lesa upphátt sem var vandamál áður með suma.

#### **4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?**

Hafði almennt mjög jákvæð áhrif, kom fram í ýmsum myndum, sérstaklega hjá þeim sem ekki voru sterkir í lestri en blómstruðu í framsögn. Margir lærðu texta utan að, þó ekki væri ætlast til þess, en varð tvímælalaust til þess að þau lásu meira og fór fram í framsögn.

Mikill styrkur fyrir allan hópinn.

Nemendur urðu öruggari að koma fram og tók feimnina af mörgum.

Mjög hvetjandi og skemmtilegt.

Okkur fannst þetta styðja við lestrarkennsluna.

Styrkur, bættist við hefðbundna lestrarkennslu.

Mikill styrkur í því að keyra þetta þróunarverkefni með lestrarkennslu og fá hugmyndir.

Reyndist afar vel að nota hringekju til þess að koma þessu fyrir og jafnframt að leggja áherslu á þetta til jafns við önnur viðfangsefni í íslensku.

Tvímælalaust styrkur.

Notuðum mikið leiklestur, mjög skemmtilegt og greinilega höfðaði það mikið til nemenda.

Börnunum fannst þetta mjög spennandi og urðu meðvitaðri um mismunandi framsögn og áttuðu sig á hve upplestur getur verið margbreytilegur. Einnig fannst þeim mikil upphefð að takast á við þetta.

Mér finnst þetta frábært verkefni en fannst það taka mjög mikinn tíma og ég ýtti lang flestu til hliðar á meðan á æfingum stóð og að því leyti fannst mér það stundum truflun.

Mér fannst þetta verkefni ekki trufla kennsluna, heldur vera skemmtileg tilbreyting og ég tók upp kennsluáðferðir sem ég hafði ekki notað áður eins og t.d. talkórinn.

## **5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?**

Tímalengd verkefnisins var góð, kostur að hver skóli fékk að ráðstafa tímanum á sinn máta.

Stóð í hæfilega langan tíma.

Okkur dugði tíminn frá áramótum til æfinga.

Alveg hæfilega langur tími.

Hæfilega langur tími að okkar mati.

Að okkar mati stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma, sérstaklega með tilliti til þess að við byrjuðum að æfa í október.

Það var gaman að byrja verkefnið á degi ísl. tungu og leggja svo aukinn þunga í verkefnið eftir því sem nær dró lokahátíð.

Alveg hæfilegur, gott að hafa hátíðina um miðjan apríl.

## **6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?**

Foreldrum sendur tölvupóstur þegar dagsetning og tími var orðið ljóst.

Nemendur útbjuggu fallett boðskort og fóru með heim til foreldra. Einnig sent í tölvupósti og sett í vikuáætlun.

Sett inn sem partur af Kaffihúsadeginum og foreldrum boðið.

Foreldrum og afa og ömmu boðið, einnig nemendum í þriðja bekk.

Foreldrum boðið að koma, mæting mjög góð.

Stjórnendur skólans fengu boð í tölvupósti.

Ingibjörg boðin en við vorum bara of seinar, hún var annars staðar.

## **7. Hverjir voru áheyrendur? Er hægt að læra af því?**

Foreldrar og kennarar sem kenndu bekknum í fyrra.

Foreldrar, nemendur í þriðja bekk, stjórnendur og aðrir starfsmenn skólans sem gátu komið því við.

Við teljum góða samsetningu að hafa 3. bekkinn með, gerðum það ekki í fyrra en gekk mjög vel núna. Allir foreldrar mættu, nokkrir afar og ömmur.

Bæði nem. úr þriðja bekk og svo hinn fjórði bekkurinn.

Ingibjörg frá Skólaskrifstofunni, gefur þessu annan blæ.

Yngri nemendum algerlega treystandi til að vera góðir áheyrendur.

Foreldrar, nokkur yngri systkini, afar og ömmur. Þriðji bekkur og í einu tilviki vinabekkur úr 10. bekk og stjórnendur skólans.

Þriðja bekk boðið á lokaæfingu því við höfðum áhyggjur af truflun. Gaf góða raun og verður gert aftur að ári.

## **8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?**

Inni í kennslustofu, raðað upp í kaffihúsastíl.

Í sal skólans.

Í fyrirlestrasal skólans.

Í sal skólans, nemendur sátu á móti gestunum í boga. Það gekk svo vel því þá stóðu þau bara upp og sögðu nafnið sitt en þurftu ekki að hreyfa sig eða ganga fram að púlti.

Í sal skólans, aðstandendur sátu við borð, nemendur í þriðja og fjórða bekk fremst, lesarar á sviði.

## **9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?**

Við notuðum hljóðkerfi og börnunum fannst það mjög merkilegt. Æfðum það daginn áður.

Notuðum ekki hljóðkerfi. Hefði samt verið betra fyrir nokkur börn.

Notaði ekki hljóðkerfi en það gekk samt vel.

Notaði hljóðkerfi skólans og taldi það nauðsynlegt og gekk vel.

Hljóðkerfi notað og kom vel út, gerði þetta meira alvöru fyrir þeim.

Nauðsynlegt að nota hljóðkerfi í þessum sal.

Vorum með hljóðkerfi og tvo hljóðnema sem var mjög gott.

Ekki þörf á að nota hljóðkerfi þegar talkórarnir fluttu.

### **10. Var notað púlt á lokahátíðinni?**

Já, eitt púlt en hefði kannski þurft að vera með tvö þar sem nemendur voru mjög margir.

Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að nota ekki púlt.

Notað púlt, eitt hjá öðrum bekknum, tvö hjá hinum.

Ekki notað á hátíðinni, atriðin þannig skipulögð að við töldum ekki þörf á því.

Notuðum púlt enda mikið notað á æfingatímanum.

Já, og alltaf við æfingar í stofunni.

### **11. Hver var kynnir á lokahátíðinni?**

Kennari í byrjun en síðan nemendur sjálfir.

Deildarstjóri í byrjun, síðan nemendur sjálfir.

Einn nemandi úr hvorum bekk.

Skólastjóri í byrjun, síðan nemendur.

Kennari kynnti atriðin.

Skólastjóri í byrjun, síðan kennari.

### **12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?**

Okkur og börnunum fannst gaman að nota talkórinn.

Talkórinn notaður mikið, bæði margir saman og tveir og tveir. Einnig flott að vera með tvo-þrjá kóra í einu. Einnig notaður mikið á jólaskemmtunum í árganginum sem gekk frábærlega.

Gekk vel, við notuðum allt frá tveimur upp í tuttugu og einn.

Nem. voru vel æfðir í að nota talkórinn í textaflutningi og það gekk vel.



Það gekk frábærlega vel að nota talkórinn, mjög skemmtilegt og ég vildi að ég hefði uppgötvað þetta fyrr.

Talkór notaður með ýmsum tilbrigðum, tveir, þrjú og fjórir saman og stærri hópur.

Nokkrar stærðir af talkórum á okkar hátíð, allt frá fjórum og upp í 15. Mikið notað á æfingatímabilinu.

Skipti stundum talkórnum í stráka og stelpukór.

Allt frá tveimur og upp í 19 eftir efninu.

Öll afbrigði notuð og ég varð stöðugt betri stjórnandi☺

### **13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum?**

#### **Tímalengd á hátíðinni.**

Við fylgdum dagskránni alveg og tímalengdin var um 50 mínútur. Einnig voru fjögur tónlistaratriði á dagskrá frá hvorum bekk.

Fylgdum næstum alveg dagskránni.

Dagskránni algerlega fylgt og gott að fá þetta svona upp í hendurnar. Síðan er hægt að velja úr og nýta eins og maður vill. Tímalengd var 40 mínútur.

Hátíðin stóð í 40 mínútur og við fylgdum alveg dagskránni.

Fylgdum alveg dagskránni en bættum aðeins við lesturinn, tímalengd 60 mínútur.

Fylgdi dagskránni alveg og upplesturinn tók 30 mínútur.

Fylgdum alveg dagskránni, tók 35 mínútur hjá báðum bekkjum.

Reyndum að taka sem mest af lesefninu en vildum ekki hafa þetta of langt og lesarahópurinn mjög stór. Hátíðin tók 30 mínútur.

Hátíðin tók 40 mínútur sem okkur fannst hæfilegt.

Notuðum að mestu efni IE. Völdum ljóðin og sögurnar sem hentaði tímalengdinni, ákváðum að 30 mínútur væri hæfilegt með tónlistaratriðum.

Við notuðum bara efni frá IE og fannst það mjög gott.

Dagskránni fylgt og tók 35 mínútur.

### **14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?**

Slepptum bara úr vegna lengdar á hátíðinni.

Notuðum mest allt efnið sem IE sendi en líka það sem var í vinnslu allan veturinn.

Leseefnið sem við fengum passaði vel, alls ekki of þungt fyrir nemendur.

Breyttum engu, fylgdum dagskránni alveg.

Bættum aðeins við efni sem gekk vel í vetur, en notuðum eiginlega allt sem IE sendi.

Fannst mikilvægt að fylgja dagskránni sem fylgdi verkefninu.

Gaman að byrja með söng og rammar hátíðina inn.

Notuðum alveg textana en skiptum öðruvísi því fjöldinn var þannig.

Við lásum alla textana og völdum fjögur ljóð, tókum inn heilræðavísu frá í fyrra.

Já, einum texta var sleppt vegna lengdar á hátíðinni.

Að mestu fylgt en skiptum út einu ljóði, tókum ljóð eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur í staðinn.

Nýttum allt efnið.

Sleppti Dimmalimm og tók aðra þulu.

## **15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?**

Já, tvær stúlkur sem unnu Stóru upplestrarkeppnina í okkar skóla fluttu ljóð.

Enginn gestalesari.

Pólskur drengur las tvö ljóð á pólsku.

Já, gestalesari úr 7. bekk.

Við fengum sigurvegara úr Stóru upplestrarkeppninni til okkar, mjög hátíðlegt og fínt.

Gestalesarar á báðum hátíðum

Gestalesari úr 7. bekk sem vildi svo skemmtilega til að var í verðlaunasæti í Hafnarborg.

Gestalesari úr 7. bekk á tveimur hátíðum en sigurvegari frá árinu áður á einni.

## **16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?**

Nei, vel við hæfi.

Nei, þau réðu vel við allt.

Okkur fannst þulan ekki höfða til barnanna og slepptum henni, tókum aðra í staðinn.

Lesefnið í fínu lagi, nemendum gekk vel að vinna með það.

Lesefnið var fjölbreytt og ekki of þungt.

Ekki of þungt. Ef einhver orð voru of þung gaf það tækifæri til að læra hvað þau þýddu og með æfingunni runnu þau eins og önnur orð.

Notuðum allt nema Dimmalimm, mér fannst sagan leiðinleg og heldur gamaldags. Mér fannst textinn þungur og tyrfinn og sagan af Bakkabræðrum skemmtileg en frekar erfið. Sköpunarsagan kom vel út og Kvæðið hennar Gunnu en þulan ekki skemmtileg, nema þá í byrjun.

Lesefnið var nokkuð gott en við bættum við þremur ljóðum svo allir fengju hæfileg hlutverk.

Gátum skipt lesefninu vel niður eftir því hvar börnin voru stödd í lestrinum.

Lesefnið hæfilega þungt, sumt reyndi meira á nemendur en annað sem er gott.

Rétt blanda af ljóðum og textum.

### **17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?**

Gagnlegt að koma á fund í október og janúar og hitta aðra kennara og heyra mismunandi hugmyndir og koma sér af stað.

Já, mjög gagnlegir fundir.

Mjög gagnlegir, gott að heyra hugmyndir frá öðrum til að auka fjölbreytnina í undirbúningnum.

Teljum að einn fundur nægi fyrir reynda kennara.

Fundirnir mjög gagnlegir, gott að hittast tvisvar.

Gott að hittast og fá hvatningu og hugmyndir og mega segja frá því sem við erum að gera.

Já, verkefninu voru gerð mjög góð skil.

### **18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?**

Nei, en fundirnir nauðsynlegir.

Fer kannski eftir hverjum og einum. Mætti eflaust bjóða upp á leiðsögn fyrir þá kennara sem eru óöruggir í þessum þætti, líkt og IE var með fyrir nokkrum árum.

Alltaf gott að fá stutt námskeið til að hnykkja á aðalatriðum.

Nei, var útskýrt mjög vel á fundunum.

Gagnlegt væri að hafa námskeið í framsögn og tjáningu.

Fundirnir voru mjög gagnlegir að okkar mati.

Nei, ekki þörf á námskeiði.

## **19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?**

Já, algerlega, þetta er eitt það mikilvægasta sem maður þarf að takast á við í lífinu, að geta komið fram, finna öryggið og hafa lagt svona mikið á sig og upplifa hversu stoltur maður verður og aðrir af manni.

Já, mjög verðugt verkefni.

Já, gott og gagnlegt verkefni.

Skólastjórnendur hafa tekið þá ákvörðun að taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni.

Já, svo sannarlega, einstaklega skemmtilegur viðburður og góð æfing sem nýtist nemendum mjög vel.

Allir höfðu gott af þessu verkefni, bæði kennarar og nemendur og teljum að það sé mjög þarft að halda Litlu upplestrarkeppninni áfram.

Já, alla vega í okkar skóla.

Ég held að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera, vil reyndar ekki kalla þetta "keppni" heldur hátíð. En hvort hún á að vera í 4. bekk er ég ekki viss um. Í 4. bekk er ansi margt sem "truflar" s.s. samræmd próf, heimsókn með atriði í leikskóla, Bjartir dagar og eflaust fleira. Stundum finnst mér alltof margt sem við þurfum að sinna fyrir utan hefðbundna kennslu. Auðvitað er þetta allt nám en maður þarf samt að komast yfir lögboðna námsefnið líka.

Algjörlega, hefur gott uppeldislegt gildi og eykur sjálfstraust nemenda. Talsverð vinna en nemendur uppskera svo sannarlega meira en maður hélt í upphafi.

Við teljum LU þarfa þar sem þetta er góð æfing fyrir nemendur í framsögn og framkomu. Foreldrar hrósuðu þessu og fannst börnin þeirra læra mikið. Teljum Lu vera komna til að vera. Skemmtilegt og þarft verkefni. Góð leið til að auka framsagnarkennsluna .

## **20.Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.**

Tókst mjög vel, góð viðbót við þá vinnu sem fram fer í skólanum. Framsögn var tekin fastari tökum með þessu ferli og nemendum fer að finnast þetta sjálfsgæður hlutur að koma upp í púlt. Frábært að fá stjórnendur ásamt Ingibjörgu á lokahátíðina. Það gerði þetta ásamt viðurkenningarskjölunum mjög hátíðlegt.

Þetta gekk framur vonum og þegar upp er staðið þá var þetta verkefni bæði þroskandi og skemmtilegt. Einnig fannst okkur þetta vera góð viðbót við lestrarnámið almennt. Það er líka gaman að segja frá því að margir tóku góðum framförum í upplestri og ekki síst í að læra að koma fram.

Mér finnst ótrúlega gaman að sjá hvað það er hægt að ná góðum árangri í upplestri með þetta unga nemendur. Þeim fannst þetta skemmtilegt og þau munu örugglega búa að þessari þjálfun þegar þau taka þátt í þeirri "Stóru".

Þetta tók mikinn tíma og við vorum líka í innleiðingu á PALS þannig að samfélagsfræði sat nokkuð á hakanum frá áramótum.

Mér finnst ég hafa verið á endurmenntunarnámskeiði við að takast á við þetta verkefni , frábært. Hefði aldrei látið mér detta í hug að nota t.d. talkórinn svona mikið.

Kjörið verkefni til að tengja betur saman skólastarf og heimilin.

Mér fannst gott að útskýra hugtakið "keppni" í upphafi fyrir foreldrum og leggja áherslu á að keppni felst ekki bara í því að keppa við aðra heldur að verða betri sjálfur og eins og sagt var, "að verða betri í dag en í gær".

Ég er búin að kenna ansi lengi og ég held að þetta sé eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert.

